



Þekkingarnet  
Þingeyinga

# ÁRSSKÝRSLA 2020

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2021



febrúar 2021

Febrúar 2020

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Langaneshúsið, Hafnarstétt 3

Sumarnemar í viðtali hjá sjónvarpsfréttum RÚV í júní 2020

Starfsmenn á vinnufundi á Melum á Kópaskeri í ágúst 2020

Kaffibolli á svölum Langaneshússins

*Myndataka:* Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

*Ábyrgð/ritstjórn*

Óli Halldórsson

ISSN: 1670-813X

## EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	1
Stjórn og starfsfólk	2
Starfssvæði	6
Húsnæði	7
Símenntunarsvið	9
Náms- og starfsráðgjöf	14
Háskólanámssvið	17
Rannsóknasvið	20
Verkefni sumarnema	30
Hús þekkingar og atvinnulífs	33
Hraðið nýsköpunarmiðstöð	34
Kófið og föstudagsgesturinn	35
Starfsemi í Langaneshúsinu	36

## FRÁ FORSTÖÐUMANNI

### Óvenjulegt ár

Árið 2020 var óvenjulegt að ýmsu leyti í starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga. Covid-aðstæðurnar sem komu upp snemma árs höfðu víðtæk áhrif á viðfangsefni og vinnulag á vegum stofnunarinnar eins og hjá svo mörgum öðrum vinnustöðum. Starfsmannahald og hagnýt mál á vinnustað var reyndar hægara um að leysa hjá Þekkingarnetinu heldur en ýmsum öðrum. Kemur þar til að fjarvinna er tiltölulega auðframkvæmanleg í mörgum daglegum viðfangsefnum Þekkingarnetsins. Þá bjó stofnunin einnig fyrirfram að mikilli þekkingu og áralangri reynslu af tæknilausnum og verklagi við fjarfundi og netlæga samvinnu. Raunar fór það svo að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á starfssvæðinu leituðu mikið til Þekkingarnetsins á árinu 2020 eftir að samkomutakmarkanir voru teknar upp, til miðlunar á þekkingu á fjarlausnum, streymi og notkun tæknibúnaðar sem stofnunin hefur byggt upp þekkingu á.

### Menntaþjónustan

Þrátt fyrir ýmsar vel heppnaðar ráðstafanir þurfti í samkomutakmörkunum ársins 2020 töluvert að takmarka aðgengi og þjónustu við námsfólk. Einnig leita nýrra leiða við að veita hefðbundna þjónustu, svo sem náms- og starfsráðgjöf og námskeiðahald til hópa og vinnustaða. Fjarprófahald tók einnig mikum breytingum, þar sem námsfólk sat í mun meira mæli en nokkurn tíman áður við heimapróf og aðrar námsmatsleiðir í fjarlausnum. Þetta námsmat fór reyndar áfram að verulegu leyti fram í námsverum Þekkingarnetsins á meðan hægt var að hafa þau opin, en þó í minna mæli með hefðbundinni og formlegri yfirsetu í prófsal.

### Rannsóknirnar

Vinna við rannsóknir og þróunarverkefni gekk hins vegar að ýmsu leyti vel á árinu 2020 og varð lítil sem engin röskun á því sviði vegna samkomutakmarkana. Þekkingarnetið sótti t.a.m. verulega í sig veðrið í alþjóðlegum samvinnuverkefnum og var stofnunin í árslok 2020 virkur þátttakandi í fimm Evrópuverkefnum, þar af í leiðandi hlutverki í tveimur þeirra. Önnur rannsóknaverkefni fjármögnuð úr innlendum samkeppnissjóðum höfðu góðan framgang á árinu og útseld rannsóknavinna einnig.



### Atvinnuskapandi verkefni nema

Þekkingarnetið tók þá ákvörðun upp úr Covid-ástandinu sumarið 2020 að stíga rösklega fram til að mæta fyrirséðu atvinnuleysi námsfólks af starfssvæðinu. Úr varð átaksverkefni sem átti eftir að vinna mikið upp á sig og verða mjög fyrirferðarmikið í starfsemi stofnunarinnar því öllum háskólanemum í atvinnuleit var boðin vinna og alls ráðnir 15 sumarstarfsmenn í rannsóknaverkefni, í samstarfi við Vinnumálastofnun og sveitarfélögin.

### Nýsköpun og þróun

Þekkingarnetið varði miklum tíma á árinu 2020 í undirbúning að næsta þróunarstigi þekkingargeirans á svæðinu. Unnið var að því að auka samlegð í þessum geira, m.a. með útvíkkun og stækkun húsnæðisrýmis fyrir stofnanirnar. Þá stóð Þekkingarnetið fyrir undirbúningi að stofnun nýrrar miðstöðvar frumkvöðla og nýsköpunar á Húsavík og mótun og fjármögnun þeirrar starfsemi. Þetta tókst vel og náðist að sækja stuðning til fjármögnunar frumkvöðlaseturs og Fab-lab smiðju sem mun hefja starfsemi á síðari hluta árs 2021.

Það er bjart framundan hjá Þekkingarnetinu næstu misserin. Breytingar fyrirséðar og mörg tækifæri til að grípa.

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Óli Halldórsson'.

Óli Halldórsson,  
Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga.



## STJÓRN OG STARFSFÓLK

### Starfsmannahald: Helstu tölur

Á árinu 2020 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls um 12,9 ársverk eins og taflan að neðan greinir frá. Þar af var 21 launþegi á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 10,4 stöðugildum/ársverkum. Einnig var nokkuð um tímabundin verkefni við námskeiðakennslu, eða alls 2,5 ársverk.

Starfsmannahald	Áætlun 2020	Niðurstaða 2020	Áætlun 2021
Stöðugildi launþega á heilsárvísu	8,5	10,4	11,0
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	3,0	2,5	2,5
Stöðugildi verktaka við tímabundin rannsóknaverkefni	0	0	0
Alls stöðugildi	11,5	12,9	13,5

Stjórn og skipurit	2020	Áætlun 2021
Mannabreytingar í stjórn	Nýir fulltrúar komu inn f.h. framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum, Héraðsnefnd Þingeyinga og SSNE á árinu.	Engar breytingar fyrir séðar á árinu.

## STARFSFÓLK

### Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá á árinu í árslok 2020

Óli Halldórsson Forstöðumaður MA Umhverfisfræði, BA heimspeki, Framhaldsskólakennari		Aðalgeir Bjarnason Húsumsjón og ræstingar Húsavík	
Arnþrúður Dagsdóttir Verkefnastjóri í Mikley MA og BA í myndlist, kennslufræði		Guðrún Helga Ágústsdóttir Náms- og starfsráðgjafi MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf Dipl. starfsendurhæfing	
Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri, afgreiðsla Skólaritari frá VÍ		Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri á símenntunarsviði BEð kennari	
Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri á rannsóknasviði BEð kennari, MPA í opinberri stjórnsýslu		Hilmar Valur Gunnarsson Verkefnastjóri á símenntunarsviði BA í félagsráðgjöf	
Ingibjörg Benediktsdóttir Verkefnastjóri á símenntunarsviði BA í nútímafræðum		Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir Verkefnastjóri á rannsóknasviði MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafr. Cand.Oecon Viðskiptafræði	
Maren Óla Hjaltadóttir Ræstingar á Þórshöfn			

### Eftirtaldir sumarnemar voru á launaskrá hjá stofnuninni sumarið 2020


Bjarki Baldvinsson Smáforrit í knattspyrnu		Dagný Theódórsdóttir Störf án staðsetningar		Guðný Karlsdóttir Heimskautsgerðið	
Heiða Elín Aðalsteinsdóttir Árbók Þingeyinga		Ólöf Traustadóttir Þróun og þekking		Ragnar Þór Birkisson Tæknismiðja á Húsavík	
Sandra Björk Arnarsd. Smáforrit í ferðaþjónustu		Unnur Þuríðardóttir Byltingar og byggðaþróun		Þórdís Alda Ólafsdóttir Smáforrit í ferðaþjónustu	

### Að auku störfuðu eftirtaldir sumarnemar hjá stofnuninni en voru á launaskrá annars staðar

Árdís Inga Höskuldsdóttir Grásleppa og laxveiði		Bjargey Ingólfssdóttir Lífið í Flatey		Brynjar Örn Arnarson Grundun mannvirkja	
Hólmar Ben Kristjánss. Nýheimar vefsíða		Páll Hlíðar Svavarsson Smáforrit í ferðaþjónustu		Valgerður M. Þorsteinsd. Skáld á skökkum stað	

# Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í "teymisvinnu" fyrir hvert svið



## Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Venjur hafa skapast á undanförunum árum um skiptingu fulltrúa framhaldsskóla á milli FL og FSH og einnig hafa sveitarfélög utan Norðurþings skipst á með fulltrúa sem tilnefndur er af Héraðsnefnd Þingeyinga. Á aðalfundi 2020 létu þrír stjórnarmenn af störfum, Reinhard Reynisson, Halldór Jón Gíslason og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir. Í stað þeirra komu Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Mirjam Blekkenhorst.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2020:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	Yngvi Ragnar Kristjánsson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Háskóli Íslands:	Rögnavaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Rannveig Björnsdóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Mirjam Blekkenhorst
Norðurþing:	Jón Höskuldsson
Rannsóknastofnanir:	Margrét Hólm Valsdóttir
Stéttarfélög í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2020:

Aðalsteinn Árni Baldursson  
Jón Höskuldsson  
Margrét Hólm Valsdóttir


Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar sjö sinnum á árinu 2020.

## STARFSSVÆÐI

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri.

Starfssvæði ÞP er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningssamgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440km<sup>2</sup> eða 18% landsins. Rauðir punktar á mynd 2 sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði (Kiðagil, Laugar, Kópasker og Raufarhöfn).



Starfsstöðvar og þjónustustaðir Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið er aðili að Kvasi sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin sýnir starfssvæði þeirra ellefu símenntunarmiðstöðva sem eiga aðild að samtökunum. Þekkingarnetið rekur alls sjö þjónustustöðvar á Norðausturlandi (8.1–8.7).



**Kvasir**  
Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
  - 1.1. Reykjanesbær
2. Mímir-símenntun
  - 2.1. Reykjavík - Höfðabakki
  - 2.2. Reykjavík - Öldugata
3. Framvegis - miðstöð símenntunar
  - 3.1. Reykjavík - Skeifan
4. Símenntun Vesturlands
  - 4.1. Borgarnes
  - 4.2. Akranes
  - 4.3. Ólafsvík
  - 4.4. Grundarfjörður
  - 4.5. Stykkishólmur
  - 4.6. Búðardalur
5. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
  - 5.1. Ísafjörður
  - 5.2. Patreksfjörður
  - 5.3. Hólmavík
6. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
  - 6.1. Sauðárkrúkur
  - 6.2. Hvammstangi
  - 6.3. Blönduós
  - 6.4. Skagaströnd
7. SÍMEY
  - 7.1. Akureyri
  - 7.2. Dalvík
  - 7.3. Fjallabyggð
8. Þekkingarnet Þingeyinga
  - 8.1. Húsavík
  - 8.2. Þórshöfn
  - 8.3. Raufarhöfn
  - 8.4. Kópasker
  - 8.5. Mývatnssveit
  - 8.6. Laugar
  - 8.7. Bárðardalur
9. Austurbú
  - 9.1. Egilsstaðir
  - 9.2. Reyðarfjörður
  - 9.3. Neskaupstaður
  - 9.4. Djúpivogur
  - 9.5. Vopnafjörður
  - 9.6. Seyðisfjörður
10. Fræðslunet Suðurlands
  - 10.1. Selfoss
  - 10.2. Hvalsvellur
  - 10.3. Vík
  - 10.4. Höfn
  - 10.5. Hella
  - 10.6. Kirkjubæjarklaustur
  - 10.7. Reykholt
11. Víska
  - 11.1. Vestmannaeyjar

# HÚSNÆÐI

Húsnæði ÞP Staðsetning	Hús	2020 Aðstaða	Markmið 2021
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur FSH)	400m <sup>2</sup> aðalhúsnæði ÞP. Skrifstofu aðstaða fyrir um 15 starfsmenn, námsver, 3 kennslu- og fundarými. Aðstaða til fjarfunda. Kennslu og fyrirlestra aðstaða leigð í tímavís eftir þörfum. Töluverð vinna var lögð í skipulagningu fram tíðarhúsnæðis ÞP á árinu og fjármögnun nýs frumkvöðla- og nýsköðunarseturs var tryggð.	Að framkvæmdir verði hafnar á fram tíðarhúsnæði ÞP og samstarfs- stofnana. Um verði að ræða vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25-30 manns á sviði þróunar, rannsókna, fræðslu og stoðkerfis atvinnulífsins undir einu þaki miðsvæðis á Húsavík. Þar verði aðstaða til kennslu, fyrirlestra, fundahalds, og fjarfunda. Í setrinu verði jafnframt aðstaða til nýsköpunar og skapandi rými (FabLab). Til verði vettvangur sem stuðli bæði að rekstrarlegum og faglegum samlegðaráhrifum á því sviði þar sem öfl þekkingar-, rannsókna- og fræðslustofnana ásamt stoðkerfi atvinnulífsins verða leidd saman.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1.	Um 200m <sup>2</sup> húsnæði með skrifstofurými, námsveri, kennslurými og fjarfundaðstöðu	Óbreytt húsnæði. Unnið verður að betri nýtingu skólastofa og eflingu starfsstöðvarinnar í samstarfi við Langanesbyggð og Framhaldsskólann á Laugum.
Mývatnssveit	Hreppsskrifstofa/ þekkingarsetur	Þekkingarsetrið Mikley opnaði árið 2018 í Mývatnssveit 200m <sup>2</sup> húsnæði. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, fjarfundaaðstaða.	Unnið verði markvisst að þróun nýs seturs í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Umhverfisstofnun, Skútustaðahrepp, RAMÝ og NNA. Hugmyndin byggir á sömu markmiðum og hér er lýst að ofan fyrir Húsavík. Horft er til húsnæðisins Hótel Gígs við Skútustaði.
Laugar	Seigla, grunnskólahúsið á Laugum	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Námsver rekið áfram eftir eftirspurn og þörfum í samstarfi við Þingeyjarsveit og Seiglu-þekkingarsetur.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar og Norðurþings; Óxarfjörður í sókn.
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar um "brothættar byggðir".

## Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400m<sup>2</sup>. Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir rúmum áratug og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir u.þ.b. 15 starfsmenn, kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis.



*Hafnarstétt 3 á Húsavík*

Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsavík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu. Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt.

Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið var upphaflega samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum en hefur verið rekið frá árinu 2020 af tveimur fyrirtöldu aðilunum. Þekkingarnetið hefur verið á árinu 2020 með tvo starfsmenn í Menntasetrinu á Þórshöfn. Viðræður hafa staðið yfir á árinu 2020 um þróun og eflingu starfsstöðvarinnar á Þórshöfn.

Þá á Þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs í verkefninu “Seiglu” á Laugum í Reykjadal í samstarfi við Þingeyjarsveit. Þá er boðin þjónusta á Kópaskeri og Raufarhöfn sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Í Mývatnssveit er einnig mönnuð starfsstöð. Þar hefur Þekkingarnetið aðstöðu í Mikley, þekkingarsetri og deilir kaffiaðstöðu og fundarherbergi með starfsmönnum Skútustaðahrepps. Námsmenn á svæðinu hafa sólarhringsaðgang að námsverinu og hafa verið duglegir að nýta sér aðstöðuna. Í Mikley hefur fólk einnig þegið að nýta sér skrifstofuaðstöðu tímabundið, hvort sem er í tímabundin verkefni eða vinnu á staðnum hluta í hverjum mánuði.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfssvæði sitt. Undanfarið ár hefur stofnunin unnið að þróun nýrrar gerðar þekkingarseturs á Húsavík. Um er að ræða vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25-30 manns á sviði fræðslu, þróunar, rannsókna og stoðkerfis atvinnulífs. Nánar er fjallað um það á bls. 33.



# SÍMENNTUNARSVIÐ

## Símenntun: Helstu tölur

Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2020	Niðurstaða 2020	Áætlun 2021
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	75	56	70
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA)	4	5	4
Fjöldi kenndra stunda	2.200	2.119	2.200
Fjöldi kenndra nemendastunda	27.000	21.747	25.000
Þátttakendur	1.000	679	1.000
Þátttaka/áhorf í streymisviðburðum (3/15+sek)*		15.310/ 6.200	5.000/ 2.000

### Áherslur í námi

Áherslur ársins 2020 voru svipaðar og á árinu 2019. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan þess fjárhagsramma sem fyrir liggur. Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins. Námskeiðin urðu þó með aðeins öðru sniði en áætlað var. Lang stærstur hluti námskeiðanna færðist yfir á rafrænt form vegna Covid-19. Bregðast þurfti hratt við og læra nýja hluti á skömmum tíma. Vel tókst til og aðsókn á þau námskeið sem boðið var upp á var góð. Eins og áður var tekin ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið, þrátt fyrir að þau bæru sig ekki fjárhagslega, sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Kópaskeri, Raufarhöfn og Mývatnssveit. Þekkingarnetið lítur á það sem eitt af markmiðum sínum að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem aðrir angar menntakerfisins ná síður.


Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu. Smánámskeið þau sem snéru að heilsu, líkamsrækt og matreiðslu voru vinsæl líkt og undanfarin ár, einnig fyrirlestrar sem snúa að því að bæta sig í samskiptum og sem einstaklingar.

Nýjung í starfsemi símenntunarsviðs var að bjóða upp á viðburði í lifandi streymi á Covid-tímanum. Þátttaka varð gríðarmikil og góðar viðtökur sem þessir viðburðir hlutu. Þeim var ætlað að bæði fræða og létta lund og hvetja fólk og vinnustaði áfram, þar sem oft var unnið við erfiðar aðstæður. Meira er fjallað um það á bls. 35.

\*Streymisviðburðir á vegum ÞÞ 2020 á facebook og youtube live: Aafþreyning, fyrirlestrar, tónlist, málþing. Uppsafnað áhorf: 3 sek. áhorf 15.310, 15+ sek áhorf 6223. Viðburðir náðu til 34724 í heild (tölfræði af facebook síðu ÞÞ).




Árið 2020 féllu flest námskeiðin sem haldin voru undir tómsundanámskeið og fyrirtækjafræðslu. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga voru mjög vinsæl á árinu enda hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna aukist mjög á svæðinu og er nú nokkuð yfir landsmeðaltali. Hér má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2020. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin voru árið 2020 tómsundanámskeið en þar á eftir kemur fyrirtækjafræðsla.




*Skipting námskeiða 2020*

Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst koma íslenskunámskeið fyrir útlendinga.




*Skipting kenndra stunda eftir námskeiðum 2020*



*Skipting nemendastunda eftir námskeiðum 2020*


## Kynjahlutfall í símenntun

Þegar kynjahlutfall námskeiðspátttakenda er skoðað og borið saman við síðustu ár má sjá að hlutfall karla hefur lækkað töluvert frá 2019, en þá voru karlar 38% þátttakenda og konur 62% ef kynjahlutfall í símenntun í heild er skoðað. Hlutfallið á milli kynjanna er líkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er að jafnaði verulega hærra en karla.




*Kynjahlutföll í símenntun (heild)*

Á starfssvæði Þekkingarnetsins árið 2019 voru konur mun duglegri en karlar að koma á almenn námskeið, 77% á móti 23%. Ef litið er til námsleiða FA voru konur 78% þátttakanda og karlar 22%.



*Kynjahlutföll á almennum námskeiðum*



*Kynjahlutföll á námsleiðum FA*

## Námsleiðir FA

Á árinu 2020 voru kenndar eftirfarandi námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

- Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk er 128 klukkustunda nám sem ætlað er þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla. Tveir hópar luku námsleiðinni á Þórshöfn, þar sem kennsla fór að öllu leyti fram í fjarnámi, nema skyndihjálpin sem kennd var í staðnámi.
- Félagsliðabré er tveggja ára brúarleið samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á vorönn 2019 og lauk á haustönn 2020. Þrettán nemendur hófu nám á námsleiðinni og 12 nemendur munu útskrifast á vorönn 2021. Kennsla fór að mestu fram í fjarnámi á kennsluvef Innu en kennarar hittu nemendur einnig í staðlotum sem fram fóru á Húsavík.
- Líf og heilsa er 300 klst. námsleið sem hófst á haustönn 2019 og lauk haustið 2020. Tólf nemendur luku námsleiðinni.
- Stuðningsfulltrúi/Leikskólaliði – brú er tveggja ára brúarleið samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á haustönn 2020 og lýkur á vorönn 2022. Tuttugu nemendur hófu nám á námsleiðinni. Kennsla fer að mestu fram í fjarnámi á kennsluvef Innu en kennarar hitta nemendur einnig í staðlotum sem fram fara á Húsavík.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Ráðgjafar ÞÞ hafa þá haft samráð við stjórnendur og lagt fræðslugreiningar fyrir starfsmenn til að greina fræðsluþarfir starfsmannanna persónulega sem og fyrirtækisins. Eftir að unnið hefur verið úr fræðslugreiningunum er gerð fræðsluáætlun. Slík verkefni standa öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að fjórum árum frá því greiningin fer fram og þar til síðasta námskeið fræðsluáætlunar lýkur.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir starfsmanna og í kjölfarið var útbúin þriggja ára fræðsluáætlun. Árið 2020 var fimmta árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra.

## Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið en þó varð sú framvinda á árinu 2020 að það voru stofnuð samtök þessara þekkingarsetra um landið, undir heitinu Samtök Þekkingarsetra. Samtökum Þekkingarsetra er ætla að vera málsvari þessara stofnana og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra. Töluverð og vaxandi samvinna er á milli einstakra þekkingarsetra, og hefur Þekkingarnetið undanfarin ár unnið rannsóknaverkefni með öðrum setrum.

Á árinu 2020 var gerð gæðaúttekt hjá Þekkingarneti Þingeyinga á grunni gæðavottunarkerfinsins EQM+. Þessi gæðavottun gildir til ársins 2023 og kemur til eftir úttekt utanaðkomandi aðila á árinu 2020. Þessi gæðavinna byggir á þróunarvinnu í símenntunargeiranum á Íslandi, en Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um. Gæðavottunin, sem tekið hefur breytingum og heitir nú EQM+, nær til fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Í kjölfar upphaflegu vottunarinnar árið 2012 fékk stofnunin viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Á árinu 2021 verður sótt um endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila til Menntamálastofnunar, m.a. á grunni þessarar gæðavottunar.




## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

### Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2020	Niðurstaða 2020	Áætlun 2021
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala	515	347	520


Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga síðan 2006. Guðrún Helga Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur umsjón með ráðgjöf og sinnir henni að mestu leyti. Guðrún Helga fór í fæðingarorlof í október 2019 og tóku þá Hilmar Valur og Ingibjörg við ráðgjöfinni tímabundið meðan á leyfinu stóð. Guðrún Helga kom síðan aftur til starfa í október 2020.

Árið 2020 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 347. Alls komu 208 í fyrsta viðtal og 139 komu í endurkomuviðtöl. Fjöldi viðtala lækkaði töluvert árið 2020 og skýrist það vegna minna fjármagns í ráðgjöfina. Ástæður viðtala voru mismunandi. Flestir (66%) komu að eigin frumkvæði, 22% komu í viðtal eftir kynningu hjá fyrirtæki eða stofnun og 7% viðtala voru í tengslum við raunfærnimat. Aðrar ástæður viðtala voru boðun frá VMST, tilvísanir frá VIRK endurhæfingarsjóði og færnimöppugerð.



Ástæða viðtala 2020

Kynjahlutfall í ráðgjöf hefur verið nokkuð breytilegt undanfarin ár. Árið 2017 komu í fyrsta skipti í mörg ár fleiri karlar í ráðgjöf en konur. En það breyttist strax aftur árið 2018 þegar konurnar urðu aftur fleiri og sú þróun hélt áfram árið 2019 þegar 60% ráðþega voru konur en 40% karlar. Árið 2020 var kynjahlutfallið frekar jafnt eða 52% konur á móti 48% körlum.



*Kynjahlutföll í ráðgjöf 2020*

## Kynningar á vinnustöðum

Líkt og komið hefur fram í fyrri ársskýrslum hafa kynningar á vinnustöðum verið ein þeirra leiða sem notaðar hafa verið til að ná til markhópsins á vinnumarkaði. Í gegnum tíðina hafa kynningar verið með formlegu sniði þar sem oftast hefur verið haft samband við fyrirtæki með kynningarbréfi en það hefur aðeins dregið úr því. Undanfarin ár hafa formlegheitin verið minni og þar sem við vorum í auknum mæli farin að mæta á staðina og töluðum þar við yfirmenn og fengum að spjalla við starfsfólk. Í framhaldi af kynningum hafa margir óskað eftir viðtali strax og hafa stjórnendur lánað okkur skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjum. Algengara hefur þó verið að pantaður sé tími hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Þessi leið hefur virkað vel fyrir Þekkingarnetið og höfum við því talsvert þurft að breyta okkar vinnulagi varðandi kynningar á vinnustöðum þetta árið vegna Covid-19 og þeirra samkomutakmarkana sem hafa verið í gangi. Í kringum sumarið var þó farið í ferðir um starfssvæðið en á öðrum tímum þegar samkomutakmarkanir voru miklar þá var boðið upp á kynningar og viðtöl í gegnum zoom eða teams.

## Kynning á náms- og starfsráðgjöf ásamt kynningu á námsleiðum FA

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna náms- og starfsráðgjöfina þegar námsleiðir eru kynntar úti á vinnumarkaðnum. Sú leið hefur verið áhrifarík og hafa einstaklingar sótt í viðtöl og/eða á námsleiðir eftir slíkar kynningar. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu atvinnurekenda og Þekkingarnetsins í kringum þessar kynningar. Ferlið er í raun svipað því þegar um hina hefðbundnu kynningu á vinnustöðum er að ræða, nema að kynning á námsleið FA fer fram í kjölfar kynningar á náms- og starfsráðgjöf. Árið 2020 var náms- og starfsráðgjöfin kynnt inn á öllum námsleiðum sem kenndar voru hjá Þekkingarnetinu. Þar sem samkomutakmarkanir hafa haft áhrif á staðkennslu og kynningar þá hefur náms- og starfsráðgjöfin líka verið kynnt rafrænt.

### Ráðgjöf

Ráðgjöfin árið 2020 gekk heilt yfir mjög vel. Guðrún Helga Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi var í fæðingarorlofi fram í október en á meðan sinntu Hilmar Valur Gunnarsson og Ingibjörg Benediktsdóttir ráðgjöfinni. Ráðgjöfinni var sinnt víða um svæðið þar sem við leggjum áherslu á að fólk geti sótt náms- og starfsráðgjöf sem næst heimili sínu en vegna Covid-19 var meira um fjarviðtöl í gegnum tölvu. Þeir sem mæta í ráðgjöf hjá okkur eru flestir að koma að eigin frumkvæði og eftir kynningu í fyrirtækjum eða stofnunum. Einnig er mikið um að þeir sem eru skráðir í nám hjá okkur komi í ráðgjöf líka. Við reynum að hafa ráðgjöfina sýnilega í samfélaginu þannig að sem flestir geti nýtt sér þjónustuna.

# HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

## Háskólaþjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2020	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2021
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tæknaaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.	Já	Sólarhringsaðgangur, tæknaaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Starfsmaður í 60% starfshlutfalli. Enginn nemandi var við nám í framhaldsdeild FL á árinu.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.
	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.	Já	Sólarhringsaðgengi og starfsmaður í 60% starfshlutfalli á staðnum.	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði að nýjum húsnæðismöguleikum í Hótel Gíg á árinu.
	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn lítil á árinu og framboð að sama skapi.	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og áður.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn lítil á árinu og framboð að sama skapi.	Þjóða áfram almenna námsþjónustu á Kópaskeri en vinna einnig í auknum mæli með starfsmanni byggða-þróunarverkefnisins "Öxarfjörður í sókn"
	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.	Já	Aðstaða er til staðar í Seiglu en lítil eftirspurn á árinu	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.
	Aðstaða í Kiðagili, Bárðardal verði með sama hætti og áður. Aðstaðan býður upp á próftöku og námskeiðshald.	Já	Aðstaða er til staðar en lítil eftirspurn á árinu	Ákveðið verði í samráði við Þingeyjarsveit hvort og hvernig námsþjónusta verði háttad í Kiðgili.



	Markmið 2020	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2021
Námsráðgjöf	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati.	Já	Náms- og starfsráðgjöf var nokkuð umfangsmikil árið 2020. Vegna samkomutakmarkana var boðið upp á fjarviðtöl í ráðgjöfinni sem gekk vel. Náms- og starfsráðgjafi kom úr fæðingarorlofi í október 2020.	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega náms- og starfsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati. Þjóða áfram upp á fjarþjónustu í náms- og starfsráðgjöf.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.	Já	Fjarprófaþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum þjónustustöðum ÞÞ. Nokkur fækkun var á milli ára vegna fjölgunar í heimaprófum nemenda.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.
Háskólanám	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.	Já	Áframhaldandi samstarf við þekkingarsetur og háskólasetur. Unnið að samstarfssamningum með öðrum þekkingarsetrum.	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.
Fjarfundabúnaður	Koma á þróunarverkefni um fjarfundanotkun í héraðinu. Stefna að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.	Já	Fjarfundamenning var valið sem eitt af áhersluverkefnum Eyþings í upphafi árs. Verkefnið var unnið í samstarfi við Símei og mun lauk í upphafi árs 2020. Verkefni um fjarvinnustöðvar og störf án staðsetningar hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði og var unnið á árinu.	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Áfram unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.

## Námsver og þjónusta


Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsagðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2020 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í Mývatnssveit. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófa og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Framhaldsdeild Framhaldsskólans á Laugum var ekki starfrækt árið 2020 í Menntasetrinu á Þórshöfn og mun Þekkingarnetið leitast við að eiga samstarf um viðbrögð við þeirri stöðu á árinu 2020.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar. Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að lengja dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð. Líkt og síðustu ár hefur náms- og starfsráðgjöf staðið háskólanemum til boða. Árið 2020 var þó aðeins breyting á ráðgjöfinni vegna Covid-19 og samkomutakmarkana þar sem var í auknum mæli farið að bjóða upp á fjarviðtöl í ráðgjöfinni. Viðtölin fóru þá fram á zoom eða teams. Það voru margir háskólanemar sem nýttu sér það, þá sérstaklega þegar námsverin voru lokuð vegna samkomutakmarkana.

## Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin 130 fjarpróf á fjórum stöðum í héraðinu frá alls 9 skólum á vegum Þekkingarnetsins árið 2020. Töluverð fækkun var á milli ára sökum heimsfaraldursins. Háskólanemum bauðst í flestum tilfella að taka heimapróf þar sem umsýslu ÞÞ var ekki krafist. Mikill fjöldi slíkra prófa fór samt fram innan veggja Þekkingarnetsins, en ómögulegt er að halda utan um fjölda prófa sem lögð eru fyrir með þessum hætti.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt á heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófaþjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófaþahald í boði á sjö stöðum í héraðinu.



# RANNSÓKNASVIÐ

## Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2020	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2021
Starfsmannahald	Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinntu bæði símenntunar- og rannsóknasviði. Aukning hefur orðið í útseldum verkefnum til sveitarfélaga og svæðissamtaka á árinu	Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.
Rannsóknaverkefni háskólanema	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.	Já	Þp átti gott samstarf við VMST og sveitarfélögin á starfssvæðinu og hafði umsjón með verkefnum 15 háskólanema sumarið 2020. Tvö störf voru á Laugum, eitt í Mývatnssveit, tvö á Raufarhöfn og tíu á Húsavík.	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við VMST og sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Aðstaða er fyrir allt að 20 nema á starfsstöðvum Þekkingarnetsins.
Innlend rannsókn-/ráðgjafaverkefni	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókna- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.	Já	Samningur við Landsvirkjun um vinnu við Sjálfbærni-verkefnið hélt áfram og vinna við verkefnið var nokkuð stöðug allt árið. Samstarf var við Skútustaða-hrepp um mælingar á hamingju og líðan íbúa. Viðtalsrannsókn um störf án staðsetningar var unnin á árinu. Árleg skýrsla um mannfjöldapróun var gefin út. Unnin var spurningakönnun fyrir SSNE um sýn íbúa á lágmarks þjónustuþætti í héraði og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókna- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.

Erlend verkefni

Í janúar fer verkefnastjóri Þekkingarnetsins til frönsku eyjunnar Martinique á þriðja fund samstarfsaðilanna í SOLOPRENEUR. Í febrúar fer verkefnastjóri á þriðja fund samstarfsaðila í SUSTAIN IT í Malaga á Spáni. Þetta er lokaár SUSTAIN IT og SOLOPRENEUR og verða afurðir þess prufukeyrðar og kynntar á svæðinu. Síðustu fundir samstarfsaðilanna verða haldnir í haust. Sérstakir kynningarfundir á verkefnunum verða haldnir í haust þar sem fjallað verður um niðurstöður verkefnanna. Stefnt er að því að senda inn eina umsókn um Erasmus+ verkefni og vera samstarfsaðili í umsókn um annað.

Já

Núverandi erlend samstarfsverkefni eru Erasmus+ verkefni DEAL, NICHE, SUSTAIN IT og Digital Communities. Að auki fékk ÞÞ styrk til NORA verkefnisins VALOR. Lokaskýrslum fyrir verkefni SOLOPRENEUR og SUSTAIN IT var skilað í lok árs. Þekkingarnetið er verkefnastjóri í NICHE og leiðir þar hóp átta samstarfsaðila. Í upphafi árs fór verkefnisstjóri í SOLOPRENEUR á verkefnisfund í Martinique og tveir starfsmenn fóru á fund SUSTAIN IT til Malaga á Spáni. Í kjölfar heimsfaraldursins voru allir aðrir fundir haldnir í gegnum vefmiðla. Reglulegt samstarf er um áframhaldandi umsóknir.

Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.

Samstarf / rannsóknir og þróun

Hafin verði vinna á árinu 2020 við að þróa nýja gerð þekkingarseturs á stærri skala á Húsavík. Áhersla á að mynda og útfæra samstarfsklasa stofnana og stoðkerfis með það að markmiði m.a. að geta brugðist við áskorunum og tækifærum fjórðu iðnbyltingarinnar í dreifðari byggðum. Húsnæðiskostir og aðrir hagnýtir þættir endurskoðaðir í samhengi við framangreint.

Já

Unnið var markvisst að þessum þætti á árinu. Í Mývatnssveit fór fram undirbúningsvinna sem fól í sér að koma ÞÞ undir sama þak og gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs, Umhverfisstofnun, RAMÝ og Skútustaðahreppur í Hótel Gíg. Á Húsavík fór fram umtalsverð vinna við skipulagningu sameiginlegs húsnæðis þekkingar og atvinnulífs. Einnig var unnið að stofnun nýs frumkvöðlaseturs og nýsköpunarmiðstöðvar, Hraðinu.

Áhersla verði áfram lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Unnið verði náið með húseigendum og framkvæmdaaðilum að hönnun nýs húsnæðis og skipulagningu þess í samstarfi við alla þá aðila sem verða hluti af verkefninu.

Hraðið - nýsköpunarmiðstöð, verði stofnað á Húsavík og opnað á síðari helmingi ársins. Ráðinn verði starfsmaður til verkefnisins fyrir mitt ár 2021.

	Markmið 2020	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2021
Upplýsingasöfnun í héraðinu	Lögð áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðapróun á starfssvæðinu. Þróa nýjar leiðir til að miðla/kynna - t.d. með útgáfu á knappara formi "Þingeyjarsýslur í tölum".	Já/að hluta	Árleg skýrsla um þróun mannfjöldans í Þingeyjarsýslum gefin út. Einnig fór fram viðamikil upplýsingasöfnun í gegnum sjálfbærni-verkefnið. Þingeyjarsýslur í tölum eru enn á teikniborðinu.	Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivísa í sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar.
Kynningamál	Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum. Þróa leiðir til að kynna og miðla á knappara formi (sbr. ofan).	Já/að hluta	Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni voru kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu ÞÞ. Þekkingarnetið stóð fyrir rafrænu málþingi í febrúar um rannsóknir í héraði. Sökum heimsfaraldurs var lítið um málþing og ráðstefnur og því minna um kynningar af hálfu Þekkingarnetsins en árið áður.	Lögð verði áfram áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.

## Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Rannsóknþjónusta; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstaða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins.
- Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna starfsfólks Þekkingarnetsins.
- Rannsóknaverkefni sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni í samstarfi við aðrar stofnanir.
- Þátttaka í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

### Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum.

Þekkingarnetið sinnir þessu hlutverki með ýmsum hætti. Til að mynda hýsir það rannsakendur og aðstoðar þá sem sinna rannsóknum á svæðinu. Er það gert með því að veita þeim aðgang að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).

### Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins 2020

Þekkingarnetið hefur einnig ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Helstu verkefni ársins 2020 voru eftirfarandi:

#### Störf án staðsetningar

Upphaf verkefnisins má rekja til þeirra áherslna sem lagðar eru fram í Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024 er lúta að markmiðum um atvinnu- og nýsköpunarmál og fjölgun opinberra starfa á þeim tíma sem áætlunin er í gildi. Tilgangurinn var að skýra, lýsa og greina reynslu opinberra starfsmanna í Þingeyjarsýslum sem vinna fjarvinnu. Rannsóknaraðferðin var eigindleg þar sem tekin voru hálfstöðluð viðtöl við þátttakendur rannsóknarinnar. Við greiningu gagna var leitað svara við því hvað þurfi að vera til staðar í farsælli fjarvinnu. Þá var einnig gerð greining á væntingum og viðhorfum þátttakenda til fjarvinnu, hvernig aðbúnaður þeirra er, félagslíf og hvað einkennir slíka starfsmenn. Við greiningu gagna var notast við kóðun til að greina þemu og samhverfu milli svara þátttakenda.

#### Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum

Líkt og fyrri ár kom út skýrsla um mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum. Markmið verkefnisins er að fylgjast með byggðapróun og hvernig sá mannfjöldi sem býr í Þingeyjarsýslum skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Skýrslan var tekin aðeins dýpra en vanalega þar sem áratugurinn 2010-2019 var greindur niður fyrir sveitarfélög.

## ÚTSELD RANNSÓKNA- OG RÁÐGJAFAVINNA

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni- og umhverfisverkefnum á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun en einnig var nokkuð um smærri verkefni sem Þekkingarnetið hafði aðkomu að.

### Sjálfbærni- og umhverfisverkefnið á Norðausturlandi

Um er að ræða vöktunarverkefni þar sem fylgst er með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til og með Tjörneshreppi í austri. Upphaflega var Þekkingarneti Þingeyinga falið að útfæra tillögu að verkefnisáætlun og skipuriti verkefnisins auk þess að skilgreina hlutverk aðila verkefnisins og reikna út kostnað vegna reksturs þess. Á síðari stigum varð hlutverk Þekkingarnetsins að afla gagna, greina þau og gera aðgengileg. Á árinu 2019 voru gögn verkefnisins í fyrsta skipti gerð opinber þegar vefsíða þess [www.gaumur.is](http://www.gaumur.is) var opnuð á fyrsta ársfundi þess sem haldinn var á Húsavík í maí. Eftir þónokkur ár þar sem unnið hefur verið að þróun verkefnisins, mótun mælikvarða þess, allt í umtalsverðu samráði við hvort tveggja hagsmunaaðila og almenning, er það komið á þann stað að hluti af starfinu við framkvæmd þess er að verða að rúttinu þar sem gagna er aflað, unnið úr þeim og þau sett fram á vefsíðu verkefnisins.

### Árbók Þingeyinga

Samkvæmt samningi við sveitarfélagið Norðurþing sér Þekkingarneti Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélagið er víðfeðmt og byggir að hluta á litlum samfélögum gömlu hreppanna Reykjahrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps og að hluta þéttbýlissamfélaginu á Húsavík. Leitast er við að afla gagna sem víðast úr sveitarfélaginu bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins í Norðurþingi komi fram. Gagnaöflunin nær til skólustarfs, menningarstarfsemi, íþrótt- og tómstundastarfs, sjávarútvegs, landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

### Hamingja íbúa Skútustaðahrepps

Þekkingarnetið vann á árinu netkönnun og niðurstöðuskýrslu fyrir sveitarfélagið Skútustaðahrepp um líðan og hamingju íbúa. Óskað var eftir áframhaldandi samstarfi á komandi ári þar sem könnunin verður framkvæmd aftur og niðurstöður kynntar.

### Kópasker sem þjónustukjarni

Þekkingarnetið sá um framkvæmd og úrvinnslu könnunar um sýn íbúa á lágmarks þjónustubætti í héraðinu og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna. Könnunin var rafræn og fór fram á heimasíðu Öxarfjarðarhéraðs auk þess sem tengill á könnunina var birtur á helstu samfélagsmiðlum sem tengjast svæðinu. Könnunin var unnin fyrir verkefnið Öxarfjörður í sókn.

### Byltingar og byggðapróun: Hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun fjórðu iðnbyltingarinnar

Verkefnið Byltingar og byggðapróun hlaut í maí 2020 styrk Byggðarannsóknarsjóðs til að greina áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar í byggðum landsins og mögulegar leiðir til að nýta innviði þekkingarsetra til að mæta áskorunum og tækifærum byltingarinnar. Verkefnið er samstarfsverkefni Þekkingarnets Þingeyinga og Nýheima Þekkingaseturs. Rannsóknaraðferðin er þríþætt, heimildavinna, spurningakönnun og viðtöl. Í nóvember fór fram framkvæmd viðtala við forstöðumenn þekkingarstofnana og greining þeirra. Í desember var spurningakönnun send á 747 viðtakendur og í nóvember og desember voru rýndar fyrirbyggjandi rannsóknir um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á dreifðar byggðir, minni og meðalstóra þéttbýlisstaði. Lokaskil verkefnisins eru í október 2021.


### Móttaka nýrra Íslendinga- rafræn handbók

Verkefnið snerist um að þróa árangursríka og aðgengilega leið fyrir erlenda einstaklinga sem flytja til Íslands til búsetu og starfa til að öðlast þekkingu á meginvirkni nærsamfélagsins. Markmiðið var að safna saman helstu upplýsingum í tengslum við stofnanir, skóla, tómstundir og annað í samfélaginu og að upplýsingarnar væru skýrar og einfaldar. Unnið var út frá raundæmi í einu sveitarfélagi, þ.e. Norðurþingi og verkefnið mótað og unnið í nánú samstarfi við starfsfólk þess. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu Þekkingarnetsins og heimasíðu Norðurþings. Þó að verkefninu sé formlega lokið mun starfið halda áfram í samstarfi við fjölmennningarfulltrúa Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps verður hún endurskoðuð og uppfærð og nýtt til upplýsingaveitu til nýrra erlendra íbúa. Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar.



## ÞRÓUNAR- OG RANNSÓKNAVERKEFNI Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Erlend samstarfsverkefni eru vaxandi hluti starfsemi Þekkingarnetsins, og hefur stofnunin tekið þátt í allmörgum slíkum verkefnum. Oftast er um að ræða rannsókn- og/eða þróunarverkefni á fagsviðum Þekkingarnetsins þar sem fjármögnun fer fram í gegnum samkeppnissjóði á evrópskum eða norrænum grunni. Erlend samstarfsverkefni árið 2020-2022 voru eftirfarandi:



Sjálfbærni í ferðaþjónustu – nýsköpun í þjálfun starfsfólks (Sustainable Tourism Innovative Training) er Erasmus+ samstarfsverkefni sem Þekkingarnetið leiddi. Samstarfsaðilar okkar voru Nýheimar á Höfn og stofnanir á Írlandi, Kýpur, Spáni, Ítalíu og Belgíu. Verkefnið hófst haustið 2018 og lauk í nóvember 2020. Markmið verkefnisins var að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu sem vinna í anda sjálfbærrar þróunar með því að þróa nýjar og hagnýtar leiðir til menntunar fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu. Áhersla var lögð á að auka færni einstaklinganna og hæfni í áætlanagerð, innleiðingu og markaðssetningu á sjálfbærri ferðaþjónustu. Á heimasíðu SUSTAIN IT má nálgast allar upplýsingar um verkefnið ásamt helstu afurðum, [www.sustainit.eu](http://www.sustainit.eu).

## Solopreneur

Sjálfstæður rekstur á dreifbýlum svæðum í Evrópu (Self-Employability in Remote Regions of Europe) er Erasmus+ samstarfsverkefni. Verkefnið hafði það að markmiði að þróa námsefni sérstaklega hannað til að auka starfshæfni einstaklinga, t.d. atvinnuleitenda, auk þeirra sem vilja breyta um starfsvettvang eða eru að leita að nýjum tækifærum í sjálfstæðum rekstri eða frumkvöðlastarfsemi. Verkefnið var til tveggja ára og því lauk í nóvember 2020. Samstarfsaðilarnir sem komu frá Belgíu, Ítalíu, Kýpur, Martinique og Spáni þróuðu námsefni sem er aðgengilegt á: [www.solo-preneur.eu](http://www.solo-preneur.eu).

## NICHE

NICHE verkefnið hófst í nóvember 2020 og er til tveggja ára. Það er styrkt af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þekkingarnetið sótti um styrkinn fyrir hönd hópsins og er verkefnisstjóri þess. Samstarfsaðili á Íslandi er Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn í Hornafirði og aðrar stofnanir verkefnisins eru í Belgíu, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð. Á ensku heitir verkefnið NICHE – Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship sem á íslensku mætti þýða sem að varðveita óápreifanlegan menningararf í frumkvöðlastarfi. Verkefnið miðar að því að efla frumkvöðlastarf í menningargeiranum með því að leggja aukna áherslu á óápreifanlegan menningararf og þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun um efnið. Markhópurinn er núverandi og tilvonandi fagfólk í greininni og er ætlunin að auka samkeppnishæfni og viðhalda vexti hennar. Heimasíða verkefnisins er: [www.nicheproject.eu](http://www.nicheproject.eu).



Í nóvember hófst vinna við nýtt Erasmus+ verkefni sem styrkt er af samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið heitir Digital skills and competences of local communities in rural areas sem á íslensku gæti útlagst sem Stafræn hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni. Verkefnið er unnið í samstarfi við sex stofnanir í fimm Evrópulöndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi eru tveir, Nýheimar þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga. Nýheimar þekkingarsetur sóttu um verkefnið fyrir hönd hópsins og er verkefnastjóri þess. Verkefnið snýst um að styðja við stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Áhersla verður lögð á eldri borgara í þessu samhengi ásamt sjálfbóðaliðum, leiðbeinendum og umönnunaraðilum þeirra. Heimasíða verkefnisins er: [www.digital-communities.eu](http://www.digital-communities.eu).



Þekkingarnet Þingeyinga er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu DEAL sem styrkt er af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. DEAL – Digital Entrepreneurship for Adult Learners eða Símenntun í stafrænni hæfni frumkvöðla. DEAL verkefnið miðar að því að þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun, efla frumkvöðlastarf í dreifðum byggðum með því að leggja aukna áherslu á stafræna nálgun. Markhópurinn er fullorðið fólk með litla menntun.

DEAL verkefnið er tveggja ára verkefni sem hófst í nóvember 2020. Þátttakendur í verkefninu eru sjö talsins og koma frá fimm Evrópulöndum (Belgíu, Íslandi, Írland, Ítalía og Spáni). Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: [www.projectdeal.eu](http://www.projectdeal.eu).

YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2020

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
SUSTAIN-IT Sustainable Tourism Innovative Training	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni, Ítalíu, Írlandi, Kýpur og Íslandi	AD, HVG, LBÁ, IB, LBR, ÓH
SOLOPRENEUR Self-Employability in Remote Regions of Europe	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni, Ítalíu, Kýpur og Martinique	AD, HVG, LBÁ
NICHE Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
DEAL Digital Entrepreneurship for Adult Learners	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi, Írlandi, Ítalíu og Spáni	AD, HVG, IB, LBR, HÓ
Digital Skills and Competences of Local Communities in Rural Areas	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
VALOR Value Creation in Rural Communities	NORA Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Færeyjum, Noregi, Íslandi og Grænlandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
Byltingar og byggða- þróun: Hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun fjórðu iðnbyltingarinnar	Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag. Verkefni styrkt af Byggða- rannsóknasjóði	Samstarfsaðilar Nýheimar þekkingarsetur	ÓH, LBR
<u>Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum</u>	Rannsóknar/ þróunarverkefni skýrsla	Eigið verkefni	HEI
<u>Fjarfundamenning. Fjarfundir</u>	Rannsóknar/ þróunarverkefni skýrsla	Samstarfsaðilar: Símei	HEI

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
<u>Störf án staðsetningar: Greining fjarvinnu</u>	Rannsóknar/ þróunarverkefni skýrsla	Styrkt af Uppbyggingasjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra	DT, HEI, LBR
<u>Þingeyska snjallkistan</u>	Þróunarverkefni	Samstarfsaðilar: SSNE. Styrkt af Uppb.sjóði Sóknar-áætlunar NE	HEI, GBJ
Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit	Spurningakönnun skýrsla. Útseld vinna	Samstarfsaðilar: Skútustaðahreppur	LBR
Kópasker sem þjónustukjarni	Spurningakönnun skýrsla. Útseld vinna	Samstarfsaðilar: SSNE	LBR
<u>Skáld á skökkum stað</u>	Heimildahlaðvarp. Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Skútustaðahreppur og VMST	VMP, AD, HEI, LBR
<u>Lífið í Flatey</u>	Heimildahlaðvarp. Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Þingeyjarsveit og VMST.	BI, PHS, HEI, LBR
<u>Grásleppu- og laxveiðar: Er jákvæð fylgni á milli?</u>	Rannsóknarverkefni, skýrsla Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Norðurþing og VMST.	ÁIH, HEI, LBR
<u>Með Húsavík í vasanum</u>	Smáforrit í ferðaþjónustu. Sumarverkefni námsmanna	Samstarfsaðilar: Húsavíkurstofa, Norðurþing og VMST.	SBA, ÞAÓ, PHS, HW, HEI, LBR

### Grundun mannvirkja

Brynjar Örn Arnarson stundar nám í jarðfræði við Háskóla Íslands. Verkefni hans gekk út á að kanna grundun mannvirkja á Húsavík til að fá betri mynd af mótstöðu þeirra gegn álagi í hugsanlegum jarðskjálftum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Norðurþing og Háskóla Íslands. Fagleg leiðsögn með verkefninu var í höndum dr. Benedikts Halldórssonar og skapaði það mikilvægt ítarefni fyrir verkefni ICEARREY sem snýr að þéttum jarðskjálftamælingum í byggð á brotabeltum Íslands. Brynjar hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



### Lífið í Flatey

Bjargey Ingólfsdóttir stundar nám í tölvunarfræði við Stockholm University. Verkefnið hennar, Lífið í Flatey, er hvort tveggja í senn viðtalsrannsókn og hlaðvarp þar sem fyrrum íbúar í Flatey á Skjálfanda voru teknir tali og spurðir um lífið í Flatey. Meðal þess sem spurt var um var: Hvernig var að vera barn í Flatey, alast þar upp og ganga í skóla? Hvernig var líf og störf hinna fullorðnu og síðast en ekki síst hvernig var lífið eftir að fólk yfirgaf eyjuna haustdag einn árið 1967? Verkefnið var unnið í samstarfi við Þingeyjarsveit og Bjargey hafði aðstöðu í þekkingarsetrinu Seiglu á Laugum.




### Þróun og þekking

Ólöf Traustadóttir er nemi í sálfræði við Háskóla Íslands. Verkefnið Þróun og þekking er áhersluverkefni SSNE og snýr að þróun þekkingarstarfsemi í dreifbýli á Íslandi og í nágrennalöndunum. Unnið var að greiningu þekkingarsetra á meðalstórum þéttbýlisstöðum á Íslandi með því að rýna nýlegar rannsóknir/samantektir þar um. Einnig var unnin greining á þekkingarsetrum á dreifbýlli svæðum í nágrennalöndum. Ólöf hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



### Skáld á skökkum stað

Valgerður Þorsteinsdóttir er nemi í íslensku í Háskóla Íslands. Hún vann heimildahlaðvarp í þremur hlutum um rithöfundinn Jakobínu Sigurðardóttur þar sem verk hennar voru sett í stærra samhengi. Lagt var út frá skáldsögunum Lifandi vatnið og Snaran auk kveðskapar Jakobínu. Hlaðvarpið er aðgengilegt á Spotify, Apple Podcast og Google Podcast. Verkefnið var unnið í samstarfi við Skútustaðahrepp og Valgerður hafði aðstöðu í þekkingarsetrinu Mikley í Mývatnssveit.




### Heimskautsgerðið á Raufarhöfn

Dagný Theódórsdóttir stundar nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Störf án staðsetningar er viðtalsrannsókn sem hefur þann tilgang að skýra, lýsa og greina reynslu opinberra starfsmanna í Þingeyjarsýslum sem vinna fjarvinnu. Tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem sinna störfum sínum í fjarvinnu að hluta til eða öllu leyti auk tæknimanns til að afla frekari upplýsinga um öryggismál. Verkefnið var unnið fyrir styrk sem Þekkingarnet Þingeyinga hlaut úr Uppbyggingarsjóði SSNE. Dagný hafði aðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



### Grásleppa og laxveiðar

Árdís Inga Höskuldsdóttir er nemi í sjávarútvegsfræði í Háskólanum á Akureyri. Hún vann rannsóknarverkefni um grásleppu og laxveiðar sem sneri að því að kanna hvort einhver tengsl væru á milli afla í grásleppu og afla í laxveiðiam auk þess að skoða samfélagsleg áhrif af hvoru tveggja. Um er að ræða bæði megindlega og eigindlega rannsókn þar sem aflatölur grásleppu frá Fiskistofu voru rýndar og bornar saman við aflatölur lax. Auk þess voru tekin viðtöl við grásleppu- og laxveiðimenn á rannsóknarsvæðinu. Árdís hafði starfsaðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins á Raufarhöfn.




## Frumkvöðlasetur og tæknismiðja

Ragnar Þór Birkisson stundar nám í rafmagnstæknifræði í Háskólanum í Reykjavík. Verkefni hans gekk út á að kortleggja hvaða aðstaða og búnaður er til staðar í Þingeyjarsýslum sem nýst getur í tæknismiðjum og þekkingarsetrum á svæðinu. Að auki framkvæmdi Ragnar kannanir meðal annarra frumkvöðlasetra á búnaði, aðgengi og nýtingu. Ásamt því að kanna áhuga og þörf fyrirtækja á svæðinu fyrir frumkvöðlasetur. Verkefnið er hluti af verkefninu Þróun og þekking. Ragnar hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík og Rannsóknarstöðinni Rifi á Raufarhöfn.



## Árbók Þingeyinga

Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, nemi í sálfræði við Háskólann á Akureyri hefur sinnt sumarstörfum við Þekkingarnetið áður. Í ár sá hún um gagnaöflun og skrif pistils í Árbók Þingeyinga um líf og störf, skólahlald, menningu og mannlíf í Norðurþingi. Heiða starfaði auk þess sem spyrill í verkefninu Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit. Heiða hafði aðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



## Nýheimar heimasíða

Hólmar Ben er stúdent frá FSH og stefnir á kennaranám í Háskólanum á Akureyri næsta haust. Verkefni hans í sumar var að tryggja að efni af eldri vefsíðu Nýheima Þekkingarseturs væri allt til staðar á nýjum vef Nýheima. Auk þess vann Hólmar að ýmsum þýðingarverkefnum af íslensku yfir á ensku. Verkefnið hans var unnið í samstarfi við Nýheima þekkingarsetur á Hornafirði og hann hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



## Smáforrit fyrir íþróttafélög

Bjarki Baldvinsson stundar meistaranám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Verkefni hans var að þróa smáforrit sem gæti nýst íþróttafélögum til að hvetja iðkendur til að æfa sig heima í sinni íþrótt. Appið mun nýtast vel í ástandi eins og því sem skapaðist vegna áhrifa Covid-19 þegar skipulagðar hópæfingar voru ekki heimilar. Einnig nýttist það sem viðbót við skipulagðar æfingar. Bjarki hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu á Húsavík.



## Heimskautsgerðið á Raufarhöfn

Þetta er í annað sinn sem Þekkingarnetið hefur sumarnema í vinnu við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn. Árið 2005 var unnið að skráningu hugmyndafræðinnar um Heimskautsgerðið og greiningu áhrifa þess á atvinnulíf svæðisins. Í ár snerist verkefnið um handritsgerð fyrir leiðsögumenn. Verkefnið var unnið af Guðnýju Hrund Karlsdóttur, mastersnema í fjölmiðla- og boðskiptafræði við Háskólann á Akureyri og er samstarfsverkefni Þekkingarnetsins og stjórnar Heimskautsgerðisins. Guðný hafði aðstöðu í húsæði sveitarfélagsins á Raufarhöfn.



## Byltingar og byggðapróun



Unnur Þuríðardóttir stundar nám í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri. Hún vann að verkefninu Byltingar og byggðapróun sem hlaut styrk úr Byggðarannsóknasjóði. Markmið verkefnisins er að rannsaka hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun fjórðu iðnbyltingarinnar. Í sumar var unninn fyrsti hluti verkefnisins en hann gekk út á að draga saman efni úr innlendum og erlendum fræðilegum rannsóknum um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á dreifðar byggðir, minni og meðalstóra þéttbýlisstaði. Unnur hafði starfsaðstöðu í Þekkingarsetrinu Seiglu á Laugum.





## Með Húsavík í vasanum

Sandra Björk Arnarsdóttir, nemi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, Þórdís Alda Ólafsdóttir, nemi í alþjóðaviðskiptum við Leeds Beckett University og Páll Hlíðar Svavarsson nemi í Menntaskólanum á Akureyri unnu að þróun smáforrits í ferðaþjónustu. Verkefnið fól í sér hönnun og þróun forrits sem gefur íbúum og ferðamönnum á Húsavík kost á því að hafa Húsavík "í vasanum". Í smáforritinu má ekki aðeins nálgast upplýsingar um þjónustu og afþreyingu staðarins heldur einnig gönguleiðir um bæinn með hljóðleiðsögn og gagnvirk kort með áhugaverðum stöðum. Það nýtist jafnt ferðamönnum sem íbúum þar sem það veitir upplýsingar um alla helstu þjónustuaðila staðarins og gefur beina tengingu við þá. Verkefnið var unnið í samstarfi við Húsavíkurstofu og Norðurþing og verkefnishópurinn hafði starfsaðstöðu í þekkingarsetrinu á Húsavík. Smáforritið er aðgengilegt fyrir bæði Android og iOS stýrikerfi.



## HÚS ÞEKKINGAR OG ATVINNULÍFS

Markvisst var unnið að þróun og eflingu þekkingarsamfélagsins á Húsavík á árinu 2020. Meginverkefni voru einkum af tvennum toga: Annars vegar hefur farið fram undirbúningur flutnings starfseminnar í rýmra húsnæði og aðstöðu sem sérsniðin er að starfseminni til frambúðar. Hins vegar hefur verið unnið að þróun starfseminnar í átt að auknum tengslum við atvinnulífið með stóráuknum stuðningi við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Töluverð vinna átti sér stað á árinu í tengslum við greiningu á húsnæðisþörf. Leitast hefur verið við að finna út hvaða aðilar geta myndað þekkingarsamfélagið til næstu framtíðar og starfað undir einu þaki í nánú samstarfi. Þá hefur einnig verið farið í greiningu á húsnæðisþörf hvers aðila og mótun á því hvernig samvinna gæti verið háttáð um nýtingu rýmis. Í árslok 2020 var staðan sú að þekkingarsamfélagið á Húsavík hefur greint þarfir og umfang og er að leita húsnæðiskosta á grunni þeirrar vinnu sem fram hefur farið á árinu. Á árinu voru stofnanirnar langt komnar í samningum við húseiganda í miðbæ Húsavíkur um tiltekið húsnæði undir starfseminni og voru unnar teikningar af arkitekt og kostnaðarþættir metnir. Á lokaskrefunum í árslok 2020 dró sá aðili sig út úr verkefninu fyrirvaralaust. Þekkingarstofnanirnar leita því nýrra lausna á húsnæði og munu húsnæðiskostir verða greindir í ársbyrjun 2021. Sú greiningarvinna sem unnin var á árinu mun nýtast og flýta fyrir samningum um húsnæðiskost til frambúðar. Stefnt er að ákvarðanatöku fyrri hluta ársins 2021.

Meðal þess sem unnið hefur verið markvisst að á árinu 2020 er að þróa þekkingarsamfélagið að auknum tengslum við atvinnulífið. Einfalt en mikilvægt atriði í þeim efnum er að auka beint samstarf við og samlegð með starfsemi við atvinnuþróun og stoðkerfi atvinnulífsins. Tekið var upp samráð á þessum forsendum við SSNE, sem sinnir atvinnuþróunarmálum á svæðinu, og lagt upp með það að starfsemi SSNE yrði hluti þess þekkingarsamfélags sem þróað verði til framtíðar á Húsavík og þá starfandi í nánú samstarfi undir sama þaki. Stór þáttur í þeirri viðleitni að tengjast atvinnulífi svæðisins meira felst einnig í að skilgreina aðstöðu fyrir frumkvöðla og þjónustu við nýsköpunarstarfsemi af margvíslegum toga. Skapa þannig aðstöðu sem laðar að fólk með hugmyndir og skapandi verkefni í farteskinu. Uppbygging tæknismiðju, Fab Lab, er meðal þeirra verkefna sem unnið hefur verið að á árinu á þessum grunni og er stefnt að því að stofna slíka smiðju á árinu 2021.



s. ap  
SÍM: 0200  
WWW.SAP.IS  
+354 846 91 81

- Inngangur og miðvæði húsnæðisins séu ljóni áminningu eins mikil og hægt er.
- Hægt sé að nýta þau svæði einnig sem sýningarsali og fyrir viðburði.
- Þar gæti verið aðstoða fyrir áminningu til að setja niður, mögulega bókasafn/bókasala, kaffihúsi/veitingahúsi sem er opið öllum og þannig vinnustöðum þeirra starfseminna, einstakur hjerta starfseminna.

Úr skýrslu Arnhildar Pálmadóttur um tillögur að nýrri gerð þekkingarseturs á Húsavík



## HRAÐIÐ NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ

Auk þeirra verkefna sem áður hefur verið greint frá við mótun og greiningu húsnæðiskosta og eflingu þekkingarklasans, þá hefur á árinu 2020 verið unnið markvisst að stofnun og mótun frumkvöðlaseturs. Frumkvöðlasetur yrði þannig nýr hluti í þekkingarsamfélaginu á Húsavík og með tíma vonandi nokkuð umsvifamikil og lífleg starfsemi sem því fylgdi. Þetta verkefni var mótað frá grunni á árinu 2020 og fékk vinnuheitið „Hraðið-nýsköpunarmiðstöð“. Grunnhugmynd verkefnisins er sú að byggja á öflugum grunni þekkingarstofnananna, sem áður hefur verið greint frá, athafnarými og vinnuaðstöðu frumkvöðla og þeirra sem vinna að nýskapandi verkefnum af ýmsu tagi. Fab Lab smiðja verði hluti þessa rýmis, en þó einnig myndarlegt rými og aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til að vinna til lengri eða skemmri tíma við verkefni og þróunarvinnu. Með markvissu samstarfi við þá þekkingarstarfsemi sem fyrir er á svæðinu skapast samlegð, slagkraftur og frjór jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir í umhverfi sem hvetur til betri nýtingar á innviðum og atvinnulífi svæðisins. Setrið mun því styðja við og hýsa frumkvöðla í vinnu við útfærslu hugmynda og viðskiptatækifæra, auk þess að styðja við skólakerfið á öllum stigum með aðstöðu og ráðgjöf og styðja við nýsköpun í atvinnulífi svæðisins. Staðsetning frumkvöðlasetursins er mikilvæg. Á Húsavík er lögð áhersla á nálægð við rannsóknarefni þeirra fjölmörgu vísindamanna sem hingað koma á ári hverju. Þar má m.a. nefna rannsóknir sem tengjast Norðurslóðamálum, jarðhita, orku, lífríki sjávar, þjóðgarðsmálum, fuglalífi, loftslagsmálum, jarðfræði og umhverfismálum. Aðstaðan í frumkvöðlasetrinu verður einstök að því leyti að þar skapast samfélag þekkingar og þróunar þar sem erlendir og innlendir vísindamenn deila rými með frumkvöðlum, háskólanemum og fulltrúum atvinnulífsins sem hvetur til nýsköpunar er byggir á vísindalegum rannsóknum og verkefnum.

Hraðið-nýsköpunarmiðstöð var útfært í grófri mynd á fyrri hluta árs 2020 og sett saman kynningarefni af margvíslegu tagi. Unnin var kostnaðaráætlun og verkáætlun fyrir árið 2021 og mikil vinna lögð í fjármögnun til stofnunar starfseminnar og fyrstu skrefa rekstrar. Sú vinna sem hér er lýst hafði erindi sem erfiði því Hraðið nýsköpunarmiðstöð hlaut 19 mkr fjárstyrk úr aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og einnig 20 mkr á fjárlögum 2021 sem mun tryggja fyrstu skref í að koma miðstöðinni á rekspöl.



*Dæmi um tæknismiðju*

## KÓFIÐ OG FÖSTUDAGSGESTURINN

Þekkingarnetið tók þann pól í hæðina við upphaf samkomubanns að forgangsraða starfskröftum og aðstöðu eins og kostur var til að bregðast hratt við hinum breyttu aðstæðum. Markmiðin voru að nýta þjargir Þekkingarnetsins með afgerandi hætti til samfélagslegrar eflingar, fræðslu og hvatningar á erfiðum tímum, íbúum og atvinnulífi svæðisins til góða. Áralöng reynsla af fjarfundum og dreifðri starfsemi hefur komið sér til góða, en það hefur þó þurft að fara langt út fyrir hefðbundnar leiðir. Það hefur margt verið sýslað á þessum nótum í ástandinu og flest af því með öðrum hætti en vaninn er. Ef ótalin er regluleg þjónusta af ýmsu tagi er hér það helsta sem Þekkingarnetið fékkst við á meðan samkomubannið stóð yfir:

- Vikulegir viðburðir allt samkomubannið með þjóðþekktum „föstudagsgestum“, þar sem um 1.000 áhorfendur fylgdust með í beinni útsendingu facebook-live og um 15 þúsund manns hafa séð alls (uppsafnað).
- 14 vefnámskeiðum um fjarfund komið á með alls 242 skráðum þátttakendum. Dæmi um viðfangsefni: Fjölmenning, lífshamingja, markaðssetning, svefnvenjur, ræktun grænmetis og samskipti.
- Námslotur í námi félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa voru rafrænar þar sem notast var við ZOOM.
- Málþing Þekkingarnetsins um svæðisbundnar rannsóknir haldið í beinu streymi (ZOOM-facebook live) þar sem um 50 þátttakendur tóku þátt í beinni útsendingu. Uppsafnað áhorf á viðburðinn er um 1.300 manns.
- 15 háskólanemum voru útveguð sumarstörf við rannsóknaverkefni í Þingeyjarsýslum. Frumkvæði var haft að myndun sumarstarfanna í samstarfi við sveitarfélög á starfssvæðinu.
- 4 umsóknum var skilað um allstór alþjóðleg Erasmus rannsókn-/þróunarverkefni í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.
- Ráðgjöf og aðstoð af ýmsu tagi um fjarfundatækni veitt gjaldfrjálst til sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana.
- 85 rafræn námsráðgjafarviðtöl við einstaklinga.



# Pekkingarsetrið í Þingeyjarsýslu starfsemi 2020



## Óli Halldórsson

Forstöðumaður  
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,  
Framhaldsskólakennari



## Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Mikley  
MA og BA í myndlist, kennslufræði



## Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi  
MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf  
Dipl. starfsendurhæfing



## Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgreiðsla  
Skólaritari frá Ví



## Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BEd kennari



## Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði  
BEd kennari, MPA í opinberri stjórnýslu



## Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í félagsráðgjöf



## Ingibjörg Benediktsdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í nútímafræðum



## Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði  
MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafr.  
Cand.Oecon Viðskiptafræði



## Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík



## Maren Óla Hjaltadóttir

Ræstingar á Þórshöfn



## Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Forstöðumaður  
MS/BS líffræðingur



## Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Sérfræðingur  
MS líffræðingur, BEd kennari



## Sesselja Guðrún Sigurðardóttir

Sérfræðingur  
BS líffræðingur



## Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

Sérfræðingur  
MS/BS líffræðingur



## Yann Kolbeinsson

Sérfræðingur  
BS líffræðingur



## Snæþór Aðalsteinsson

Sumarstarfsmaður  
BS líffræðingur



Reinhard Reynisson  
Sérfræðingur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Charla Jean Basran

Forstöðumaður (staðgengill)  
PhD nemi í sjávarspendýralíffræði  
MRM stjórnun hafsvæða, BS líffræði



## Marianne H. Rasmussen

Forstöðumaður (í fæðingarorlofi)  
PhD sjávarspendýrafr. Cand.Sc líffræði



## Tímabundin rannsóknaverkefni:

### Tatiana Marchon

Rannsóknaverkefni um háhyrninga  
PhD sjávarspendýrafr. MS sjávarlíffræði



### Tom Grove

Cortisol mælingar á útblæstri hvala  
PhD nemi sjávarspendýrafræði



### Olli Loisa

Arcpath rann.verkefni um loftslagsbr.  
PhD nemi sjávarspendýralíffræði



HEILBRIGÐISEFTIRLIT N.E.

Jóhannes Haukur Hauksson  
Deildarstjóri austursvæðis



## Sumarnemar ÞÞ 2020

Árdís Inga Höskuldsdóttir  
Grásleppa og laxveiði



Guðný Karlsdóttir  
Heimskautsgerðið



Ragnar Þór Birkisson  
Tæknismiðja á Húsavík



Bjargey Ingólfssdóttir  
Lífið í Flatey



Heiða Elín Aðalsteinsd.  
Árbók Þingeyinga



Sandra Björk Arnarsd.  
Smáforrit í ferðaþjónustu



Bjarki Baldvinsson  
Smáforrit í knattspyrnu



Hólmar Ben Kristjánss.  
Nýheimar vefsíða



Þórdís Alda Ólafsdóttir  
Smáforrit í ferðaþjónustu



Brynjar Örn Arnarson  
Grundun mannvirkja



Ólöf Traustadóttir  
Þróun og þekking



Unnur Þuríðardóttir  
Byltingar og byggðaþróun



Dagný Theódórsdóttir  
Störf án staðsetningar



Páll Hlíðar Svavarsson  
Smáforrit í ferðaþjónustu



Valgerður M. Þorsteinsd.  
Skáld á skókkum stað



## Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi nema í símenntun og háskólaflajarnámi innan veggja Pekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí tíma

